

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði –Ábyrgðin er okkar

Skýrsla umdæmisritara

3 . Umdæmisstjórnarfundur, haldinn föstudaginn 16. apríl 2010 í Kiwanishúsinu Engjateigi 11, Reykjavík

Umdæmisstjóri, embættismenn og gestir!

Í upphafi þessa starfsárs voru Kiwanisfélagar 880 en eru miðað við febrúarlok sem samantektin mín nær yfir nú er félagafjöldinn 892. Raunfjölgun er því 12 félagar, við megum bara vera ánægð með að vera þó á réttri leið með fjölgun. Á skýrslunum sem mér hafa borist sést að klúbbarnir eru allir að vinna mikið og kröftugt starf. Á fyrstu fimm mánuðunum hafa Kiwanisfélagar í Umdæminu unnið í samtals 13.177 klukkustundir og þeir hafa safnað í styrktarsjóði sína um 22.324.891 kr. Til líknarmála hafa klúbbarnir gefið 14.431.992 kr.

Skýrsluskil hafa verið mjög góð eða um 98 % skil því það vantar bara 2 skýrslur. Svæðisstjórar hafa verið afar hjálplegir við að ýta á eftir þeim skýrslum sem ekki hafa borist á réttum tíma og það ber að þakka þeim. Mæting á fundi er mjög góð hjá mörgum klúbbum, nokkrir með 100% meðaltalsmætingu. Þetta eru klúbbar sem eru duglegir við að heimsækja aðra klúbba og mæta á svæðisráðstefnu. Meðaltalsmætingin í umdæminu á þessum fimm mánuðum er 75% sem verður að teljast mjög góð. Mætingin er eflaust meiri en kemur fram á skýrslum því að greinilega má sjá að félagar eru ekki að skila inn mætingarviðurkenningum eða gleyma að fá þær þegar þeir sækja fundi hjá öðrum.

Flestir klúbbar eru með mjög fjölbreytta fundi, þeir fá til sín skemmtilega og fróðlega fyrirlesara, þess á milli sem þeir ræða um Kiwanismál. Ýmislegt er líka gert sér til skemmtunar haldin eru t.d. þorablót, góugleði, gellukvöld og sviðalappkvöld

Til að afla tekna í styrktarsjóð selja félagar t.d. sælgæti, blóm, eru með auglýsingar á klukkum, halda handboltamót og selja flugelda. Klúbbarnir hafa veitt styrki til björgunarsveita, mæðrastyrksnefnda, SOS barna, til veikra einstaklinga, gefið rafknúna hægindastóla, hjúkrunarrúm og margt fleira.

Hjördís Harðardóttir

Umdæmisritari 2009-2010

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Efling, kraftur, áráði –Ábyrgðin er okkar

Kiwanis eru alheimssamtök sjálfbodaliða sem hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna